

## Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um tillögur refanefndar og endurgreiðslu á kostnaði við veiðar á ref og mink.

Frá Guðnýju Helgu Björnsdóttur.

1. Hver hefur verið framgangur tillagna nefndar um áhrif refs í íslenskri náttúru sem skipuð var af umhverfisráðherra og skilaði niðurstöðum sínum 23. júní 2004?
2. Hvernig hefur verið fylgt eftir tillögu nefndarinnar um að veiðar á ref verði efldar við jaðra friðlandsins á Hornströndum?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarfélögunum verði tryggð endurgreiðsla á 50% af kostnaði við veiðar á ref og mink?
4. Með hvaða hætti telur ráðherra unnt að samræma og skipuleggja betur veiðar á ref og mink þannig að nágrannasveitarfélög leggi jafnmikla áherslu á veiðarnar og árangurinn verði viðunandi?
5. Telur ráðherra koma til greina að sveitarfélögin verði undanþegin virðisaukaskatti eða fái hann endurgreiddan af verðlaunum fyrir refa- og minkaveiði á grundvelli reglugerðar nr. 248/1990 þar sem um samfélagslega þjónustu sé að ræða?

Skriflegt svar óskast.